

## Fundargerð Háskólaráðs 11. apríl 2014

### Staðsetning: Guðmundarstofa 13.00

**Mættir:** Vilhjálmur Egilsson, Andrea Valgeirsdóttir, Anna Elísabet Ólafsdóttir, Þorvaldur Jónsson, María Einarsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Þórunn Unnur Birgisdóttir, Guðjón Freyr Gunnarsson, og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir sem ritaði fundargerðina.

**Fjarverandi:** Sigrún Lilja Einarsdóttir, Ólafur Ísleifsson, Sigtryggur Arnþórsson, Tinna Jóhannsdóttir og Jón Freyr Jóhannsson.

1. Fundargerð síðasta fundar
  - a. Fundargerð samþykkt
2. Tilnefningar vegna aðalfundar
  - a. Einn stjórnarmaður og einn til vara
    - i. Ingibjörg Ingvadóttir hefur áhuga á að sitja í stjórn Háskólans á Bifröst áfram sem aðalmaður og það er samþykkt á fundi. Páll Rafnar Þorsteinsson er tilnefndur sem varamaður með fyrirvara um að hann samþykki það.
  - b. Einn fulltrúaráðsmaður og einn til vara
    - i. Tilnefndir til þriggja ára í senn en varamenn til eins árs. Sá aðili sem dettur út á vegum Háskólaráðs er Íris Hauksdóttir. María Einarsdóttir mun taka sæti í fulltrúaráði. Þórir Páll Guðjónsson verði áfram varamaður.
3. Staða umsókna
  - a. Staða umsókna er ágæt. 126 umsóknir alls þar af 53 nýjar kennitölur. Rætt um að vera dugleg að bjóða öllum á opna daginn 1. maí. Talað um að dreifa boðskorti á öll heimili í héraðinu og vera dugleg að auglýsa daginn á facebook.
4. Ferðaþjónusta á Bifröst
  - a. Eftir áramót kom í ljós að rekstur ferðaþjónustunnar 2013 var í miklu tapi. Ekki hægt að greiða þessi starfsemi niður og því verður að snúa rekstrinum við og hætta að tapa. Búið er að fara vel ofaní reksturinn, innkaupamál, mannahald og opnunartíma og reyna að kortleggja hlutina. Ný verðskrá komin og verð hækkuð. Mjög brýnt að vera alltaf á tánum í innkaupamálum. Hætt að taka inn utanaðkomandi kokka um vinnuhelgar. Dregið hefur úr mönnun, en stundum var yfirmannað. Hráefniskostnaður og launakostnaður hefur verið alltof hár. Framundan er vorið og sumarið sem mikilvægt er að takist vel og þar skiptir máli að selja gistingipláss. Opið verður á hótelinu/kaffihúsinu um páskana og það auglýst í útvarpi. Verið að vinna í að selja fyrir hópa auk þess sem vonir eru um að atvinnuvega sýningin dragi að viðskiptavinum. Skapa þarf samvinnu milli hótels og kaffihúss og skapa ákveðna heild. Það sem framundan er að finna út skipulag sem samtvinnar þessar tvær einingar. Fram koma umræður um tengsl við nemendur sem vinna í ferðaþjónustumálum t.d. rútufyrirtæki. Nota tengsl sem til eru. Unnið hefur verið að því að ná samningum og kynningu til ferðaþjónustuaðila almennt. Rætt um markaðssetningu ferðaþjónustunnar almennt. Rætt um hvaða áhrif það hefði að loka hótelinu og hætta rekstri. Talað um að árið 2014 verði tilraunaár.
5. Gæðamál

- a. Ráðstefna á vegum ráðgjafanefndar gæðaráðanna haldin. Vel mætt frá Bifröst og framkvæmdastjóri gæðamála ánægður með ráðstefnuna. Unnið á fullu í innri úttekt stofnunnar og vinnan gengur nokkuð vel. Búið að undirbúa spurningar fyrir rýnihópa meðal nemenda og það klárað eftir páska. Nemendur leiða þessa vinnu sjálfir. Kennsla og rannsóknir verða skoðaðar eftir páska og hvernig þessir þættir tengjast. Lotukennslan mun verða tekin fyrir sem Case Study í úttektinni ásamt minni dæmum sem fléttast inni skýrsluna. Rætt um að tilkynna vinnuna til nemenda og starfsmanna og að framkvæmdastjóri gæðamála fylgi slíku eftir. Farið er eftir staðlaðri aðferðafræði við úttektina. Rætt um hvort setja ætti upp rýnihópa meðal útskrifaðra nemenda.
6. Skjalastjórnun
    - a. Innleiðing skjalastjórnunar fór fram miðvikudaginn 9. apríl og gengur ágætlega. Markmiðið að ekkert nýtt skjal verði ekki til nema inni skjalastjórnunarkerfinu. Almennt er vinnan með skjalastjórnunarkerfi fljót að komast í vana. Allir vinna í sama skjalinu. Verið að koma föstum starfsmönnum inni vinnuna. One Systems sem setja þarf upp í tölum starfsmanna. Markmiðið að utanumhald um öll skjöl skólans verði markvissara og betra.
  7. Hollvinasjóður
    - a. Hollvinasamtökin hafa stofnað sérstakan sjóð og ætla að ná í hann ákveðnum peningum. Markmið að safna peningum fyrir viðhald á Hátíðarsal og Kringluna. Gerð var úttekt á ástandi Hátíðarsalar og Kringlu fyrir nokkru og svona framlag gæti aðstoðað okkur í að halda
  8. Önnur mál
    - a. **Háskólagátt:** Upp kom á fundi með nemendafélögum að Háskólagáttin fái einnig kennslu á sumarönn og álagi dreift. Vont fyrir nemendur Háskólagáttar að flytja í burtu yfir sumar og koma aftur að hausti (staðnemendur). Meiri möguleikar að ná nemendum Háskólagáttar inni háskóladeildir ef sumarönnin er nýtt líka. Mikilvægt útfra fjárhagslegum sjónarmiðum. Framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu ræði við fyrrverandi framkvæmdastjóra kennslu og þjónustu, Signý Óskarsdóttur og Jón Ólafsson varðandi hver hugsunin hafi verið að fella niður sumarannari í Háskólagátt frá og með haustönn 2013.
    - b. **Háskólagátt:** Rætt um möguleikann á að bjóða uppá stærðfræði 1 og stærðfræði 2 á sumarönn 2014 til að leyfa nemendum að ná stærðfræði upp og geta hafið háskólanám á haustönn 2014. Send verður út óformleg könnun um áhuga fyrir þessu.
    - c. **Háskólagátt:** Rætt um inntökumöguleika nemenda úr Háskólagátt í aðra háskóla á Íslandi.
    - d. **Dagvistunarmál:** Erfitt fyrir foreldra yngstu börnin að fá pláss hjá dagmömmu. Rætt um hvort skólinn gæti haft milligöngu varðandi þessi mál, að yngri börn komist inná leiksskóla. Þorvaldur Jónsson hefur verið í sambandi við Pál Brynjarsson sveitastjóra varðandi möguleikann á að fá undanþágu til að börn 1 árs og eldri verði tekin inni leiksskóla.
    - e. **Kennsluáætlanir** skiluðu sér ekki fyrir námskeið og skólinn hvattur til að fylgja því sterkt á eftir að kennsluáætlanir skili sér á réttum tíma. Ábendingu komið til skila.
    - f. Rætt um að almennt þurfi skólinn að fara að eigin reglum t.d. hvað varðar aukaverkefni o.fl. Ábendingu nemenda verði komið til skila.

- g. Rætt um freerider vandamál og einnig um fordóma í samfélaginu gagnvart Bifröst og hvað valdi og hvernig sé hægt að uppræta fordóma.
- h. Rætt um afhverju lögfræði er ekki kennd í fjarnámi. Nemandi nefnir að hann læri mest af að ræða við kennara í tímum. Þetta hefur almennt verið rætt mikið. Mikill áhugi meðal fólks í samfélaginu að fá lögfræði í fjarnámi. Rætt um að það sé mögulega ákveðið gæðamál að hafa námið í staðnámi og að hægt sé að eiga í samskiptum. Með nýrri tækni og framþróun væri mögulegt að bjóða námið í fjarnámi í framtíðinni.

Fundi lokið kl. 14:18